



Áfangaskýrsla vegna Snæ 102 og 202

Kynning og kennslustundir

Vorið 2006 kynntum við verkefnið fyrir tíundu bekkjum á Snæfellsnesi þegar þau komu í heimsókn í skólann. Haustið 2006 kynntum við verkefnið aftur fyrir nýnemum við skólann og buðum þeim öllum að sækja um að taka þátt í því.

Í upphafi ákváðum við að nemendur í áfanganum yrðu aldrei fleiri en átján og helst ekki færri en fjórtán. Átján sóttu um og fengu inngöngu.

Áfanginn var kenndur tvisvar í viku, í klukkustund í senn og í boði var einn verkefnatími, en við skólann er stundaskrá þannig upp byggð að í þriggja eininga áfanga eru tvær fastar kennslustundir og tveir verkefnatímar á viku. Þar sem áfanginn okkar er aðeins tveggja eininga, er verkefnatíminn aðeins einn.

Viðfangsefni veturinn 2006-2007.

Við hófum vinnuna á landnámi Íslands, en þar skiptu nemendur sér niður í hópa og gerðust landnámsmenn. Þau völdu sér stað í Noregi til að leggja upp í langferð frá, völdu sér siglingaleið til landsins og stað til að taka land á.

Að sjálfsögðu þurftu þau að ákveða hvað þau tækju með sér til landsins af vistum, fólki og dýrum, hvort þau kæmu við einhvers staðar á leiðinni eða sigldu beint. Sumir lögðu meira að segja í þá vinnu að gera ráð fyrir slæmum veðrum og áföllum á leiðinni. Þau byggðu sér bæ og komu sér vel fyrir á því landi sem þau völdu sér. Í þessari vinnu þurftu þau að kynna sér sögu landnámsmanna, faramáta þeirra, ástæður brottfarar frá heimalandinu, þær aðstæður sem þeir sigldu við til landsins og þá erfiðleika sem uppbyggingin á nýjum stað er. Einnig kynntu þau sér klæðnað þessa tíma, matarvenjur og afþreyingu fólks. Vinnu og vinnuaðferðir kynntu þau sér einnig. Hóparnir skiluðu þessari vinnu af sér í margvíslegu formi s.s. teiknimynd, fyrirlestrum og myndasýningum.

Þegar þessari vinnu lauk færðum við okkur framar í tíma og hófum við að kynna okkur sögu landnámsmanns á Snæfellsnesi og völdum Bárð Snæfellsás. Nemendur lásu söguna og veltu því fyrir sér hvernig hægt væri að vinna nánar með hana og jafnvel kynna fyrir vinum okkar í Svíþjóð og Finnlandi. Ákveðið var að gera leiksýningu byggða á bókinni og hófust nemendur þegar handa við að undirbúa það. Fljótt kom í ljós að sagan er of flókin til að hægt sé að setja hana upp á venjulegu leiksviði í hefðbundinni sýningu. Auk þess hefði tilkostnaður við slíka sýningu orðið okkur ofviða sökum fjárskorts.

Við ákváðum því að setja söguna á svið á afar nýstárlegan og óhefðbundinn hátt. Sögumenn eru tveir á sviðinu allan tímann. Þeir eru að reyna að vinna handrit upp úr sögunni og segja hvor öðrum og áhorfendum um leið söguna. Þegar eitthvað markvert gerist sjáum við atriði sem hópurinn hefur unnið áður og nýtt þar möguleika margmiðlunar til hins ýtrasta. Með þessu móti er auðvelt að ferðast með sýninguna.

Til þess að gera sýninguna með þessu móti þurftu nemendur að læra að búa til handrit og gerðu það í forriti sem er gjaldfrjálst og á veraldarvefnum og heitir Scriptbuddy. (www.scriptbuddy.com) Eins þurftu nemendur að vinna með teikniforrit, upptökuvélar, klippiforrit, ljósmyndataekni og hin ýmsu ritvinnsluforrit til að gera sýninguna að því sem hún er að verða. Nemendur munu sjálfir sjá um alla kynningu á verkefninu, útbúa auglýsingaspjöld, aðgöngumiða, leikskrá og kynningarefni fyrir fjölmiðla. Útbúin hefur verið heimasíða þar sem hægt er að fylgjast með vinnu þeirra. Slóðin er <http://blog.central.is/snae?page=news>. Þetta þurfa þau að gera á íslensku, ensku og að einhverju leiti á sænsku.



Áætluð frumsýning á leikritinu er fimmtudagurinn 19. apríl. Leikritið verður svo sýnt í Svíþjóð í byrjun maí.

Mat okkar á þeirri vinnu sem farið hefur fram.

Undirbúningur kennara fyrir áfangann var gríðarlegur og þróunarvinna heldur áfram. Það að samþætta svona margar námsgreinar og kennsluaðferðir krefst mikils undirbúnings af hálfu kennara og annars konar viðhorfs gagnvart kennslu og eigin kennsluaðferðum.

Nemendur hafa tekið þessum áfanga vel og hefur hann vakið forvitni á meðal annarra nemenda skólans.

Af hverju á áfanginn að lifa áfram?

Það er mat okkar sem að verkefninu koma að í því hafi nemendur frá nokkrum sveitarfélögum, með ólíkan bakgrunn, ólík áhugamál og misjafna námsgetu, fundið farveg sinn til að vinna að námi á nýstárlegan, en alls ekki síðri máta en í hefðbundnum áföngum. Hér eru allir jafnir, burtséð frá fyrri einkunnum og þeim er ekki raðað í hópa eftir þeim eða getu, enda njóta sín mismunandi hæfileikar hvers og eins við mismunandi verkefni.

Samkvæmt sjálfsmati nemenda finnst þeim þau vera að læra mjög mikið af áfanganum og eru mjög ánægð með það sem komið er og hlakkar til framhaldsins. Innan hópsins hefur myndast mikil samkennd og þau eru líka að læra ný vinnubrögð sem eru afar mikilvæg þegar út í lífið er komið.

Við kennararnir erum sammála um að við verðum að fá tækifæri til að halda þessu þróunarverkefni áfram til enda. Við eigum eftir að skoða sögur og þjóðsögur af svæðinu og bera það saman við sögur og þjóðsögur í samstarfslöndunum Svíþjóð og Finnlandi. Okkur langar líka til að skoða sögu tuttugustu aldar, en það var ætlunin að skoða það tímabil á þriðja ári þessa verkefnis.

Það er því mat okkar kennaranna að það sé algerlega nauðsynlegt að halda þessu verkefni áfram og ljúka því samkvæmt áætlun. Til þess að slíkt sé hægt er nauðsynlegt að áfanginn fái áframhaldandi fjárveitingu.

Sólrún Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Berglind Axelsdóttir